

LANDPÓSTURINN

5.tbl. 10.árg. Fréttabref Félags landfræðinga
Pósthólf 5391, 125 Reykjavík, ábm.: Matthildur Kr. Elmarsdóttir

Landabréfið 1998

Kæru landfræðingar. Nú er komið að þeirri stund er allir hafa beðið eftir: Landabréfið er komið út. Efni tímaritsins er nú fjölbreyttara en oft áður, enda er ekki byggt jafn mikið á erindum af ráðstefnum félagsins og í fyrri heftum. Flestir landfræðingar ættu að finna eitthvað við sitt hæfi í ritinu. Ritnefnd og stjórn Félags landfræðinga hefur verið að bræða með sér nýjar hugmyndir um uppbyggingu á Landabréfinu, þannig að í framtíðinni verður um breytt og vonandi bætt Landabréf að ræða.

Með sumarkveðju, fyrir hönd ritstjórnar,
Niels Bjarki Finsen.

Félagsgjald 1998

Giróseðill fyrir félagsgjaldi ársins 1998 er nú sendur út og eru félagsmenn hvattir til að greiða gjaldið hið fyrsta. Digur sjóður er forsenda þess að félagið geti staðið fyrir útgáfu fréttabrefs og fagtímarits, ráðstefnum og öðru starfi. Vegna mistaka varð seinkun á útsendingu nokkurra giróseðla fyrir árgjaldi 1997 og eru þeir sem fengu seðlana ekki senda fyrr en á vordögum 1998 beðnir velvirðingar.

Komandi starfsár

Stjórn félagsins hvetur félagsmenn til að senda efni í Landpóstinn (fréttaskot, tilkynningar, hugleiðingar og stuttar greinar) og næsta Landabréf (efnismeiri greinar). Þá eru félagsmenn einnig hvattir til að senda stjórninni hugmyndir um fyrirlesara og efni fyrirlestra, en stefnt er að því að fræðslukvöldum félagsins verði framhaldið næsta haust. Ef einhverjir hafa áhuga á að flytja fyrirlestur, segja frá rannsóknum sínum eða stýra umræðufundum er þeim bent á að hafa samband við stjórnina. Netfang stjórnar er **fl-s@os.is** og pósthafið kemur fram hér að ofan. Einnig má senda póst á stjórnarmeðlimi:

Karl: **kben@raunvis.hi.is**
Matthildur: **matta@skipulag.is**
Guðrún: **gudrunmo@raunvis.hi.is**

Helga: **hbd@os.is**
Sigurgeir: **landakort@islandia.is**

Félagalisti og netföng

Í félagið eru nú skráðir 153 félagsmenn, þar af 16 með aukaáðild, en það eru nemendur sem ekki hafa lokið B.Sc./B.A.-prófi. Félagsmenn eru vinsamlegast beðnir að senda upplýsingar um breytt heimilisföng á netfang eða pósthólf stjórnar. Ef þið vitið um aðra landfræðinga, sem vildu gjarnan fá upplýsingar um félagið og gerast meðlimir, þá látið vita. Einnig eru þeir sem eru með netfang, en fá ekki Landpóstinn nú þegar sendan þá leiðina, beðnir um að senda stjórninni netfangið sitt. Til þess að spara peninga kemur til greina að senda Landpóstinn í framtíðinni einungis á tölvutæku formi til þeirra sem eru virkir tölvunotendur og prentútgáfu á aðra. Látið vita hvernig ykkur list á þessa hugmynd.

Fyrirhuguð ráðstefna: „Grunnur nýrrar aldar“

Í haust munu Félag landfræðinga, Íslenska kortagerðarfélagið og LÍSU-samtökin standa sameiginlega að ráðstefnu sem ber yfirskriftina *Grunnur nýrrar aldar – Staða og horfur í stafrænni grunnkortagerð*. Ráðstefnan verður haldin fimmtudaginn 17. september kl 13:00-16:30 á Grand Hótel. Fundarstjóri verður Haukur Jóhannesson. Hér er birt drög að dagskrá, en hún kann að breytast þegar nær dregur. Biðið eftir næsta Landpósti!

13:10 Karl Benediktsson, formaður Félags landfræðinga, setur ráðstefnuna

13:15 Ávarp

13:20 Guðbjörg Sigurðardóttir, verkefnisstjóri í forsætisráðuneyti: *Stefna ríkisstjórnarinnar í landupplýsingamátum – hvers er að vænta?*

13:40 Árni Snorrason, Orkustofnun: *Þjóðhagslegar forsendur fyrir grunnkortagerð*

14:00 Ingimar Sigurðsson, Umhverfisstofnun: *Framtíð grunnkortagerðar*

14:20 Jón Gunnar Ottósson, Náttúrufræðistofnun Íslands: *Reynsla og sjónarmið notanda*

14:40 Kaffihlé

15:10 Pallborðsumræður með fyrirlesurum – *Grunnur nýrrar aldar*

16:00 Magnús Guðmundsson, Landmælingum Íslands: *Samantekt Umræður*

Ráðstefnuslit eru áætluð um kl 16:30